

Föstudaginn 17. desember 1937.

Nr. 68/1937. **Ólafur Ólafsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi P. Gíslasyni

(Garðar Þorsteinsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms í héraði. Fast-eignamál.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. maí 1937: Stefndum, Ólafi Ólafssyni, skal vera óheimil veiði fyrir vestan línu, sem dregin er eftir merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna og suður í fjörð. Svo greiði hann og stefnanda 100 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 29. júní þ. á., og gert þessar dómkröfur: aðallega, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirréttinum, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að kröfur áfrýjanda verði ekki teknar til greina, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ofangreindar kröfur sínar byggir áfrýjandi á því, að héraðsdómarinn hafi vanrækt að fara með mál þetta samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 frá 1919, um landamerki.

Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jörðina Lækjarkot í Borgarhreppi í Mýrasýslu, dags. 7. des. 1883, þinglesinni 23. maí 1884, fylgir jörð þessari „afstungið engjastykki“, „svonefndar Amtmannsleigur“, við Borgarfjörð fyrir vestan Beigaldahring. Eftir því, sem upplýst er í máli þessu, liggur engjaspilda þessi á 310 metra löngu svæði meðfram firðinum, og er hún umgirt torfgarði á þrjá vegu. Næst fyrir vestan téða engjaspildu, einnig með fram Borgarfirði, er land jarðarinnar Bóndhóls í Borgarhreppi, og eru landamerki Bóndhóls ákveðin í landamerkjaskrá, gerðri í febrúar 1884 og þinglesinni 23. maí s. á. Þann 5. júní 1935 báru aðiljar máls þessa undir úrlausn landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ágreining, sem risið hafði um skilning á þeim ákvæðum landamerkaskrár Bóndhóls, er varða merkin milli Bóndhóls og landspildunnar Amtmannsleigna, en í greindri landamerkjaskrá segir, að merkin á þessu svæði séu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“. Lauk því máli með dómi landamerkjadómsins, uppkveðnum þann 20. júní 1935, og var niðurstaða dómsins sú, að merkin milli Bóndhóls og „Lækjarkotsleigna“, þ. e. Amtmannsleigna, skuli vera lina, dregin úr skurðarkjafninum við fjörðinn í stefnu á norðvesturenda garðlagsins við tjarnir, þangað til hún skerst af línu, er hugsast dregin eftir skurðinum að norðanverðu við Lækjarkotsleigur, er ræður merkjum milli Einarsness og Lækjarkotsleigna. Þessum landamerkjadómi hefir ekki verið áfrýjað.

Enda þótt þannig væri fengin óvæfengd dómsúrlausn um merkin milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, þá hafa aðiljar máls þessa ekki getað orðið ásáttir um réttindin til veiðiskapar í sjó í netlögum fram undan

lendumni Amtmannsleigum. Leiddi þessi ágreiningur til þess, að stefndi, að undanfarinni árangurslausri sáttatilaun, höfðaði mál þetta gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu útgefinni 24. nóv. f. á., og gerði þær dómkröfur, að-allega að áfrýjanda væri með dómi bönnuð veiði í „Hvítá“ og leirunum framundan svonefndum Amtmannsleigum og fyrir landi Bóndhóls, en til vara, að áfrýjanda væri óheimiluð veiði fyrir vestan merkjalínu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“. Fyrsta þing í máli þessu var háð þann 14. desember f. á. Lagði stefndi þá fram sóknarskjal af sinni hálfu. Í sóknarskjali þessu hélt hann því fram aðalkröfu sinni til stuðnings, að landspildunni Amtmannsleigum fylgdu engin veiðiréttindi. Hér væri einungis um engjaitak að ræða. Ef veiðiréttur fylgdi, þá væri itakið einnig veiðiitak, en fyrir því væri engin sönnun fram komin. Varakröfu sína, sem héraðsdómarinn hefir tekið til greina, byggði stefndi hinsvegar á ofan nefndu ákvæði landamerkjaskrár Bóndhóls, að landamerkjalínan liggi „eftir garðlagi suður í fjörð“. Telur hann, að í þessu orðalagi felist heimild til að láta framlenging merkjalínunnar á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna ráða merkjum milli þeirra svæða innan netlaga, er aðiljum beri einkaréttur til veiði.

Eins og málssókn þessari var háttað og að framan er talið, verður að lita svo á, að mál þetta hafi átt sem vettvangsmál að sæta meðferð eftir III. kafla laga nr. 41 frá 1919, um landamerki, og að héraðsdómaranum hafi borið þegar í þinghaldinu 14. des. f. á. að nefna meðdómsmenn og gera ráðstafanir til, að þrætusvæðið yrði skoðað og uppdráttur gerður af því, áður en sókn og vörn málsins væri lengra hald-

ið, en þessar framkvæmdir lét dómarrinn undir höfuð leggjast, enda lagði hann dóm á málið án tilkvaðningar meðdómsmanna. Verður af þessum ástæðum að taka kröfur áfrýjanda til greina á þann hátt, að rétt þykir að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, svo og málsmeðferðina frá 14. des. f. á. Ber þess vegna að vísa málinu heim í hérað til endurupptöku frá 14. desember f. á. og löglegrar meðferðar og dómsálagningar samkvæmt III. kafla laga nr. 41 frá 1919, sbr. nú einnig 221. gr. laga nr. 85 frá 1936, enda ber héraðsdómaranum að nefna meðdómendur og hlutast til um skoðunargerð á þrætusvæðinu og gerð uppdráttar af því samkvæmt 16. og 17. gr. laga nr. 41 frá 1919.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 14. desember f. á. eiga að vera ómerk. Vísast málinu heim í hérað til endurupptöku frá 14. desember f. á. til löglegrar meðferðar og dómsálagningar, og ber héraðsdómaranum að nefna meðdómendur og hlutast til um skoðunargerð á þrætusvæðinu og uppdráttargerð af því samkvæmt 16. og 17. gr. laga nr. 41 frá 1919, um landamerki.

Stefndi, Guðmundur Þ. Gíslason, greiði áfrýjanda, Ólafi Ólafssyni, kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað með stefnu útgefinni 24. nóv. 1936, og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndum verði með dómi bönnuð veiði í Hvítá og leirunum fram af svonefndum Amtmannsleigum og fyrir landi Bóndhóls, en til vara, að honum verði óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalinu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“. Auk þess krefst stefnandi, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Stefndur hefir mótmælt kröfum þessum og krafizt, að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Aðalkröfu stefnanda hefir stefndur mótmælt vegna þess, að stefnandi sé þar ekki réttur aðili, nema að hann geti sannað, að hann eigi veiðirétt fyrir Amtmannsleigum, og verður að telja mótmæli þessi á rökum byggð, og þar sem stefnandi hefir engar sannanir fært á þennan rétt sinn, verður aðalkrafa hans ekki tekin til greina.

Hvað viðvikur varakröfunni, þá virðist það auðsætt af sókn og vörn málsins, að með henni er átt við, hvort bein framlenging af merkjalínunni á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna skuli ráða merkjum milli veiðiréttindanna á leirunum eða ekki, enda er það það, sem deilt er um.

Stefndur hefir haldið því fram, að lína þessi eigi að brotna við sjóinn og taka úr flæðarmáli stefnu á Skessuhorn, og koma þannig þvert á straumlinu Hvítár, og byggir þetta á því, að árið 1935 voru 3 menn útnefndir eftir beiðni Árna Helgasonar til að ákveða, hvar og hvernig skuli draga merkilínur milli veiðiréttinda nokkurra jarða, og þar á meðal þessara, en stefndur hefir enga sönnun fært á, að hér hafi verið um gerðardóm að ræða, sem gæti kveðið upp úrskurð, sem væri bindandi fyrir alla jarðaeigendur, og verður því ekki tekið tillit til mótmælaanna á þessum grundvelli gegn mótmælum stefnanda. Þá heldur stefndur því fram, að það sé hefðbundin venja, að takmörkun veiðiréttinda í straumvatni miðist við línur, sem dregin er hornrétt á straumlinu árinna, en á þetta verður ekki fallizt, því í Borgarfirði getur straumlína í álnum breytzt, ef vatnavextir eða sjórót koma, svo að slík ákvörðun yrði hér gagnslaus til að finna föst merki milli veiðiréttinda manna. Það virðist eðlilegast og mun vera

venja, að framlenging merkjalínunnar á landi sé látin ráða merkjum milli veiðiréttinda á leirum, og getur tæplega öðruvísi verið, því ef það væri leyft, að annar aðili gæti, jafnvel gegn mótmælum hins, látið landamerkjalínuna brotna í flæðarmálinu eftir vild, væri honum með því gefið tækifæri til að hrifsa til sín veiðiréttindi annara manna, þar sem þá væru engin takmörk fyrir því, hvað línan mætti brotna mikið.

Verður því, samkvæmt framanskráðu, að taka vara-kröfu stefnanda til greina og óheimila stefndum að veiða fyrir vestan línu, sem dregin er eftir merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmansleigna og suður í fjörð. Svo greiði stefndur stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 20. desember 1937.

Nr. 75/1936. **Sigurjón Eiríksson og Jón Pétursson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

**Árna Oddssyni og Guðjóni Sigurðs-
syni** (Gunnar Þorsteinsson).

Umferðarkvöð á lóð.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 12. maí 1936: Eigendum Eiríksgötu nr. 9 í Reykjavík ber að taka burtu bilskúr þann, er þeir hafa byggt innst og vestast á leigulóð sinni að því leyti, sem hann er byggður á 3 metra gangstignum, og ganga svo frá girðingu og hliði eigenda Barónsstigs nr. 63, er raskazt hefir við byggingu bilskúrsins, að það verði allt eins og það var áður en bilskúrinn var byggður. Skal á verki þessu byrjað 14 dögum eftir lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum 15 kr.-dagsektum, og verkinu því næst lokið með hæfilegum hraða.

Eigendur Eiríksgötu 9 greiði eigendum Barónsstigs 63 kr. 100.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.